

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík 11. desember 2018
UST201811-017/R.K.
04.04

Efni: Frumvarp til laga um landgræðslu - 232. mál. Viðbótarumsögn

Vísað er til umsagnar Umhverfisstofnunar, dags. 20. nóvember sl., um frumvarp til laga um landgræðslu.

Að beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar veitir Umhverfisstofnun viðbótarumsögn um frumvarpið.

Tillaga Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun leggur til að eftirfarandi orðskýringar séu skilgreindar á eftirfarandi hátt í lögum um landgræðslu:

Endurheimt (endurgerð) vistkerfa: Það ferli að koma vistkerfum, vistkerfisferlum, eiginleikum vistkerfa og vistkerfapjónustu í það horf sem áður var fyrir hnignun eða röskun svæðis.

Uppbygging (uppgræðsla) vistkerfa: starfsemi sem miðast að því að koma af stað frumframvindu gróðurkerfis með það að markmiði að gróðurþekja nái að þróast án hnignunar.

Mikilvægi skilgreininga

Í 3. gr. frumvarpsins er fjallað um markmið um endurheimt og uppbyggingu vistkerfa. Umhverfisstofnun telur að þessi tvö hugtök, endurheimt og uppbygging, hafi ekki sömu merkingu og mikilvægt sé að skilgreining hugtakanna sé skýr í lögnum um landgræðslu. Líkt og kom fram í fyrri umsögn stofnunarinnar þá verður að liggja fyrir skilgreining á því vistkerfi sem fyrir er/var svo um raunverulega endurheimt sé að ræða. Þessi skilgreining gæti byggt á vistgerðagreiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands. Umhverfisstofnun telur með öðrum orðum að gera þurfi skýran greinarmun á endurheimt og endurgerð vistkerfa þar sem í endurgerð felst að ræktuð verða ný vistkerfi með öðrum tegundum í stað þeirra sem fyrir eru eða voru á viðkomandi svæðum. Hér er orðið endurgerð notað sem annað orð yfir endurheimt.

Stofnunin telur að aðgerðir landgræðslu geti verið annað hvort í formi uppgræðslu lands (uppbyggingu vistkerfa) eða endurheimtar vistkerfa og að þessar tvær aðgerðir séu ekki þær sömu. Þarf því að skýra skilgreiningar í lögum um landgræðslu svo ákvæði laganna gangi ekki gegn verndarmakmiðum náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Þá þurfa að vera til staðar aðferðir sem leyfa endurheimt vistkerfa, m.a. með nýtingu staðargróðurs, en ekki einungis uppgræðslu með t.d. sáningu grasfræja og notkun áburðar.

Í 4. gr. frumvarpsins eru orðskýringar fyrir hugtökin *endurheimt vistkerfa*, *landgræðsla*. Umhverfisstofnun vekur athygli á því að í 4. gr. er engin orðskýring fyrir hugtakið *uppbygging vistkerfa*.

Náttúruverndarlög nr. 60/2013

Umhverfisstofnun vill taka fram að mikilvægt er að vísa í náttúruverndarlög nr. 60/2013 í lögum um landgræðslu. Endurheimt vistkerfa, sem hafa orðið fyrir röskun eða einhverskonar hnignun með einum eða öðrum hætti, til verndar á líffræðilegri fjölbreytni sbr. 2. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Umhverfisstofnun telur að skilgreina ætti áhrif landgræðslu á landslag sérstaklega þar sem teknir eru til uppgræðslu lítt grónir melar eða sandar, sem hafa hvorki óþægindi né skaða í för með sér, þar sem slíkar landslagsheildir á Íslandi hafa gildi og ber að vernda skv. 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 sem stuðla að „vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags“ auk varðveislu „landslag[s] sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis“. Þar með er mikilvægt að fyrirliggjandi lög um landgræðslu vísi til náttúruverndarlaga svo lagaumhverfi náttúruverndar og landgræðslu vinni saman. Umhverfisstofnun telur þetta þurfa að vera skýrt.

Umhverfisstofnun styður landgræðslu á illa förnum landsvæðum m.a vegna mikilvægis bindingar jarðvegs við að koma í veg fyrir losun kolefnis við uppblástur og jarðvegseyðingu. Stofnunin telur endurheimt innlendra vistgerða eigi síður mikilvæga m.t.t. verndun landslags og líffræðilegrar fjölbreytni undir vernd náttúruverndarlaga og því mikilvægt að gerð sé grein fyrir því í lögum um landgræðslu.



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri